

REYKJAVÍKURBORG
JANÚAR 2014

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun varðandi stuðning í leikskólum,
grunnskólum og frístundaheimilum SFS.

Skýrsla



Skóla- og frístundasvið

Efnisyfirlit

Um verkefnið	1
Lýsing á verkefni og afmörkun	2
Helstu verkefni:	2
Utan greiningar:.....	2
Markmið verkefnisins	3
Jafnréttismarkmið verkefnisins	3
Starfshópur	3
Gagnagreining	4
Leikskóli	4
Grunnskóli	7
Frístund.....	8
Niðurstöður og umfjöllun.....	12
Aðgerðaráætlun	12

Myndir

Mynd 1. Kynjaskipting úthlutana í leikskóla árið 2012.....	4
Mynd 2. Skipting fatlana / raskana í leikskóla árið 2012 út frá fyrstu greiningu.....	4
Mynd 3. Skipting fatlana / raskana í leikskóla árið 2012 út frá fyrstu greiningu og kyni.	5
Mynd 4. Skipting fatlana / raskana í leikskóla árið 2012 út frá annarri greiningu.	5
Mynd 5. Skipting fatlana /raskana í leikskóla árið 2012 út frá annarri greiningu og kyni.....	6
Mynd 6. Skipting fatlana / raskana í leikskóla árið 2012 út frá fyrstu greiningu, kyni og uppruna.....	6
Mynd 7. Kynjaskipting úthlutana í grunnskóla árið 2012.....	7
Mynd 8. Skipting fatlana/raskana í grunnskóla árið 2012.....	7
Mynd 9. Skipting fatlana / raskana í grunnskólum árið 2012 út frá fyrstu greiningu og kyni.	8
Mynd 10. Skipting fatlana / raskana í grunnskólum árið 2012 út frá annarri greiningu og kyni.....	8
Mynd 11. Skipting fjármagns eftir kyni og meðaltalsúthlutun á kyn.	9
Mynd 12. Kynjaskipting úthlutana á almennum frístundaheimilum árið 2012.	9
Mynd 13. Skipting milli greininga sem höfðu mest áhrif á úthl. stuðnings í frístundah. árið 2012.	10
Mynd 14. Skipting fatlana / raskana í frístundaheimilum árið 2012 út frá greiningu og kyni.....	10
Mynd 15. Hlutfall drengja eftir mismunandi tegund úthlutunar í frístundaheimilum árið 2012.....	11
Mynd 16. Hlutfall stúlkna eftir mismunandi tegund úthlutunar í frístundaheimilum árið 2012.	11

Um verkefnið

Lýsing á verkefni og afmörkun

Viðfangsefni verkefnisins var að vinna greiningar- og aðgerðaráætlun varðandi útteilingu fjármagns til stuðnings í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum SFS með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Markmiðið var að greina hvort núverandi staða, með tilliti til stefnu og útteilingu fjármagns Reykjavíkurborgar, stuðli að jafnrétti kynjanna eða ekki. Ef staðan, eins og hún er í dag, eykur eða viðheldur kynjamisrétti þarf að leggja til aðgerðir.

Verkefnið afmarkaðist við fjármagn sem veitt er til leik-, grunnskóla og frístundaheimila til stuðnings við einstaklinga með fatlanir og alvarlegar raskanir.

Gögn frá árinu 2012 voru greind.

Helstu verkefni:

- Móta jafnréttismarkmið varðandi málaflokkinn.
- Kortleggja hvernig útteilingu fjármagns er háttað í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum. T.d. með tilliti til fatlana, kyns, aldurs, nemenda af erlendum uppruna o.s.frv.
- Greina niðurstöður út frá kynjasjónarmiðum.
- Meta hvað þarf að skoða nánar og móta tillögu um frekari rýningu.
- Móta tillögu um umfang, nálgun og verklag til að styðja við jafnrétti kynjanna og/eða draga úr misrétti.
- Móta tillögu um nánari greiningu á nýtingu fjármagnsins í þjónustunni á starfsstöðvunum.

Utan greiningar:

- Á þessu stigi er ekki skoðað hvernig fjármagn er nýtt í þjónustunni á vettvangi barna og nemenda.
- Á þessu stigi er ekki greint hvernig almennt fjármagn er nýtt út frá kynjasjónarmiðum, eingöngu það sem er veitt vegna einstaklinga út frá greiningu.
- Nýting fjármagns í sérskólum og sérdeildum er utan greiningar.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins er að greina fyrirbyggjandi gögn um úthlutun fjármagns til stuðnings út frá aðferðafræði KFS og leggja fram tillögur að nálgun, umfangi og sjónarhornum, verklagi tímaáætlun og þörf fyrir frekari gögn og rýningu umfram það sem þegar liggur fyrir í tölfræðigrunni SFS.

Jafnréttismarkmið verkefnisins

Jafnréttismarkmið verkefnisins er eftirfarandi:

Að útteiling fjármagns Reykjavíkurborgar sé með þeim hætti að það styðji við drengi og stúlkur þannig að þau hafi jafngild tækifæri til að þroskast og taka framförum í námi.

Starfshópur

Eigandi verkefnis: Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri SFS

Hópstjórar: Hrund Logadóttir og Elísabet Helga Pálmadóttir

Starfshópur: Hrund Logadóttir, Elísabet Helga Pálmadóttir, Sigríður Rut Hilmarsdóttir, Sara Björg Ólafsdóttir, Helga Gunnarsdóttir, Ásgeir Beinteinsson og Jónína Konráðsdóttir.

Samráð: Herdís Sólborg Haraldsdóttir og Stefán Kristján Gunnbjörnsson hjá fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Greiningarstöð ríkisins, BUGL, Þroska- og hegðunarstöð, Rannsóknarstofnun í kvenna- og kynjafræðum, sérfræðiþjónusta Þjónustumiðstöðvanna og aðrir aðilar sem starfshópurinn gæti þurft að leita til.

Gagnagreining


Um úrvinnslu sá Stefán Kristján Gunnbjörnsson, sérfræðingur á áætlunar- og greiningardeild fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Á listunum kemur fram skóli/starfstöð, fæðingarár, kyn og úthlutunarupphæðir. Auk þess koma fram á listum leik- og grunnskóla greiningaraðilar og greiningarniðurstöður sem flokkaðar voru niður eftir því hvort um 1. 2. eða 3. greiningu væri að ræða. Fyrsta greining er sú greining sem kemur fyrst fram á greiningargögnum frá greiningaraðilum. Nöfn og kennitölur voru fjarlægðar af listunum.

Leikskóli

Skoðaður var úthlutunarlisti til allra leikskóla í Reykjavík vegna barna með sérúthlutun. Listinn er vegna barna sem voru í leikskóla árið 2012 og telur þau börn sem fengu úthlutað allt árið eða hluta úr ári.


Helstu niðurstöður

Heildafjöldi barna sem fengu úthlutun á árinu 2012 voru 499. Af þeim voru 378 drengir (76%) og 121 stúlka (24%). Hlutföllin má sjá mynd 1.




Mynd 1. Kynjaskipting úthlutana í leikskóla árið 2012.

Mynd 2 sýnir algengustu raskanir/fatlanir út frá 1. greiningu en hún er sú greining sem kemur fyrst fram á greiningargögnum frá greiningaraðilum. Algengustu fatlanir/raskanir eru raskanir á einhverfurófi (grunur um röskun á einhverfurófi, einhverfuróf, dæmigerð og ódæmigerð einhverfa) sem eru samtals 32% fatlana/raskana. Næst á eftir koma málþroskaraskanir (25%), hegðunarraskanir (14%) og almennar þroskaraskanir (12%).




Mynd 2. Skipting fatlana / raskana í leikskóla árið 2012 út frá fyrstu greiningu.

Mynd 3 sýnir að í öllum fötlunarflokkum er hlutfall drengja um eða yfir 70% á móti 30% stúlkna, nema í fötlunarflokki veikindi og einstakar greiningar, þar er kynjahlutfallið jafnt.




Mynd 3. Skipting fatlana / raskana í leikskóla árið 2012 út frá fyrstu greiningu og kyni.

Mynd 4 sýnir hvernig skiptingin á fötlunarflokkum er þegar um er að ræða 2. greiningu. Einhverfugreiningar eru nær alltaf fyrsta greining, og algengustu fylgiraskanir fyrstu greiningar eru almenn þroskaröskun (28%), málþroskaröskun (24%) og hegðunarröskun (17%).




Mynd 4. Skipting fatlana / raskana í leikskóla árið 2012 út frá annarri greiningu.

Eins og sjá má á mynd 5 er kynjaskipting algengustu fötlunarflokka í annarri greiningu svipuð og við fyrstu greiningu. Í öllum fötlunarflokkum er hlutfall drengja um og yfir 70%.



Mynd 5. Skipting fatlana /raskana í leikskóla árið 2012 út frá annarri greiningu og kyni.

Mynd 6 sýnir skiptingu tegunda fatlana/raskana út frá fyrstu greiningu, kyni og uppruna. Tvítýngd börn í leikskólum Reykjavíkur er um 20%, það veur því athygli að af öllum úthlutunum vegna málþroskaraskana skuli 47% vera vegna tvítýngdra barna.




Mynd 6. Skipting fatlana /raskana í leikskóla árið 2012 út frá fyrstu greiningu, kyni og uppruna.

Grunnskóli

Skoðaður var úthlutunarlisti til grunnskóla vegna nemenda með fatlanir og alvarlegar raskanir frá október 2012. Listinn er vegna skólaársins 2012-2013 og eru á honum allir þeir nemendur sem sótt hafði verið um vegna 1. október 2012.


Helstu niðurstöður

Heildarfjöldi nemenda á úthlutunarlistanum var 931 og eru drengir 686 (74%) og stúlkur 245 (26%).




Mynd 7. Kynjaskipting úthlutana í grunnskóla árið 2012.

Algengustu fatlanir/raskanir eru einhverfugreiningar (einhverfuróf, dæmigerð og ódæmigerð einhverfa og asperger, samtals 31%) eins og sjá má á mynd 8. Síðan koma ADHD greiningar sem eru 21% og málhamlanir sem eru 16%.




Mynd 8. Skipting fatlana/raskana í grunnskóla árið 2012.

Á mynd 9 má sjá að drengir eru í meirihluta í öllum flokkum fatlana og raskana nema í flokki sjónskertra og hreyfihamlaðra. Samkvæmt upplýsingum frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er algengi allra einhverfugreininga 1,2% og eru 3 – 4 drengir fyrir hverja stúlkur. Þetta er í samræmi við það sem hér kemur fram en af þeim börnum sem hafa einhverfugreiningu af einhverju tagi eru drengir 78% en stúlkur 22%. Varðandi algengi þroskahamlana er yfirleitt talað um 2,5 til 3% barna og að drengir séu 1,5 á móti hverri stúlkur. Hér kemur fram að drengir eru 65% á móti stúlkum 35% sem er í samræmi við upplýsingar um algengi.



Mynd 9. Skipting fatlana / raskana í grunnskólum árið 2012 út frá fyrstu greiningu og kyni.

Á mynd 9 sést að einhverfugreiningar eru svo til alltaf fyrstu greiningar hjá nemendum með slíkar fatlanir. Á mynd 10 má sjá að mun algengara er að hegðun og/eða geðröskun sé önnur greining hjá nemendum með slíkar raskanir.



Mynd 10. Skipting fatlana / raskana í grunnskólum árið 2012 út frá annarri greiningu og kyni.

Á mynd 11 má sjá að heildarúthlutun vegna drengja er kr. 553.056.000- en vegna stúlkna kr. 198.349.000-. Einnig má sjá að meðaltalsúthlutun vegna drengja er kr. 1.445.247- og vegna stúlkna kr. 1.441.944-. Af heildarfjármagni til úthlutunar var því úthlutað 73.6% vegna drengja og 26.4% vegna stúlkna sem er í samræmi við kynjaskiptingu úthlutunar eins og sýnt er á mynd 1.

Skipting fjármagns og meðaltalsúthlutun eftir kyni							
Úthlutun	Drengir upphæð	Stúlkur upphæð	Samtals upphæð	Drengir hlutfall	Stúlkur hlutfall	Drengir meðalupphæð	Stúlkur meðalupphæð
Námslegar þarfir	155.344.000	60.758.000	216.102.000	72%	28%	354.667	394.532
Félagslegar þarfir	39.857.000	14.899.000	54.756.000	73%	27%	133.748	131.850
Dagleg umönnun	357.855.000	122.692.000	480.547.000	74%	26%	956.832	915.612
Samtals	553.056.000	198.349.000	751.405.000	74%	26%	1.445.247	1.441.994


Mynd 11. Skipting fjármagns eftir kyni og meðaltalsúthlutun á kyn.

Frístund

Gögn varðandi úthlutun stuðnings voru skoðuð frá skólaárinu 2012-2013. Um var að ræða stuðning sem veittur var til frístundaheimila í Reykjavík við alla almenna grunnskóla. Undanskilin voru gögn vegna úthlutunar til sérskóla, sérdeilda og einkaskóla.

Helstu niðurstöður

Heildarfjöldi barna sem fengu úthlutaðan stuðning voru 283 börn. 216 drengir (76%) og 67 stúlkur (24%) í 1.-4. bekk í almennum frístundaheimilum SFS sjá mynd 12.




Mynd 12. Kynjaskipting úthlutana á almennum frístundaheimilum árið 2012.

Skoðað var hversu mikinn stuðning börnin fengu með tilliti til kyns og þroskafrávíks. Stuðningur í frístundaheimilin er úthlutaður sem 25%, 50%, 75%, 100% eða 200% hlutfall. Barn með 100% stuðning hefur stuðningsstarfsmann með sér allan viðverutímann á frístundaheimilinu á meðan að barn með 50% stuðning hefur sértækan stuðning helming þess tíma sem það er á frístundaheimilinu. Í flestum tilfellum eru aðstæður og viðfangsefni látin ráða því hvenær og hvernig stuðningurinn er nýttur á hverjum stað.


Flest fengu börnin stuðning vegna einhverfu og/eða einkenna á einhverfurófi eða 84 talsins (30%) eins og sést á mynd 13. Næststærsti hópurinn voru börn sem fengu stuðnings vegna adhd, tourette

og/eða annarra hegðunarfrávika eða 79 talsins (28%). 32 börn án sértækrar greiningar fengu stuðning, flest vegna félagslegrar einangrunar eða hegðunarfrávika (11%). 28 börn fengu úthlutun vegna þroskahömlunar og/eða sértækra þroskafrávika (10%), 16 börn í greiningarferli voru með úthlutaðan stuðning (6%), 11 börn fengu stuðning vegna málþroskaröskunar (4%), 11 vegna CP og/eða hreyfifrávika (4%), 11 vegna geðrænna frávika (4%), 4 vegna félagslegra aðstæðna (1%), 2 vegna sjónskerðingar (1%), 2 vegna heyrnarskerðingar (1%) og 3 vegna sjúkdóma eins og t.d. sykursýkis (1%).




Mynd 13. Skipting milli greininga sem höfðu mest áhrif á úthl. stuðnings í frístundah. árið 2012.

Í heildina var úthlutunin 76% til drengja og 24% til stúlkna. Úthlutunin var aðeins breytileg milli þroskafrávika eins og sést á mynd 14. Jöfn kynjaskipting var varðandi úthlutun þegar kom að sjón-, heyrnarskerðingu, geðrænna frávika og félagslegra aðstæðna. Vegna einhverfu fengu 81% drengja stuðning og 19% stúlkna, varðandi málþroskaröskun, adhd/tourette og þroskahömlun var skipting $\frac{3}{4}$ strákar á móti $\frac{1}{4}$ stelpna en varðandi úthlutun vegna CP og/eða hreyfifrávika var munurinn eilítið minni eða 64% til drengja og 36% til stúlkna.




Mynd 14. Skipting fatlana / raskana í frístundaheimilum árið 2012 út frá greiningu og kyni.

Niðurstöður greiningarinnar komu í það heila ekki mikið á óvart. Töluvert fleiri drengir eru greindir með fatlanir og þroskafrávik árlega á móts við stúlkur sbr. upplýsingar frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Faraldsfræðin styður þannig greiningu gagnanna. Það sem kom á óvart var að hlutfall stuðnings var ívið minna til stúlkna heldur en drengja. Á myndum 15 og 16 sést að engin stúlka er til að mynda með 200% stuðning og hlutfall drengja sem fá 100% stuðning er hærra en hlutfall stúlkna.



Mynd 15. Hlutfall drengja eftir mismunandi tegund úthlutunar í frístundaheimilum árið 2012.



Mynd 16. Hlutfall stúlkna eftir mismunandi tegund úthlutunar í frístundaheimilum árið 2012.

Ástæða þess að drengir fá að meðaltali hærra hlutfall stuðnings er að öllum líkindum sú að þjónustuþörf drengja er meiri og annars konar heldur en stúlkna á frístundaheimilunum. Mat á stuðningi fer eftir þjónustuþörf hvers einstaklings og markmiðum í starfi og tekur heildarmatið mið af einstaklingsáætlun viðkomandi og aðstæðum frístundaheimilisins. Ráðgjafarþroskaþjálfari ásamt verkefnastjóra á skrifstofu frístundamála í málefnum fatlaðra fara yfir allar umsóknir um stuðning og

bæði meta þær og þörf hvers frístundaheimilis varðandi stuðning. Við mat á stuðningsþörf frístundaheimila eru teknar inn í heildarmyndina breytur eins og húsnæðiskostur, reynsla starfsmanna, heildarfjöldi barna og þjónustubörf barnahópsins.

Eftir að hafa rýnt vel í gögnin má t.d. sjá að drengir þurfa öðruvísi stuðning, þeir þurfa meira á stuðningi að halda vegna óæskilegrar hegðunar en stúlkur vegna þess að þær ná ekki inn í hópinn og verða útundan félagslega. Markmið stuðningsins fyrir flest börnin er að þau finni til vellíðunar á frístundaheimilunum, geti tekið virkan þátt í starfinu og náí að tengjast einhverjum félagslega í hópnum.

Skráningu upplýsinga varðandi umsóknir um stuðning og úthlutun hefur verið breytt nú frá og með síðastliðnu hausti vegna KFS verkefnisins. Nú þegar er skráningu umsókna um stuðning háttað á þann veg að auðvelt er að skoða úthlutun út frá þroskafrávikum og kyni hvenær sem er. Allar breytur eru færðar inn í excel og því auðvelt að vinna með gögnin án nokkurrar sérstakrar undirbúningsvinnu.

Niðurstöður og umfjöllun

Þjónusta við börn og nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda er veitt samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010, Sérkennslustefnu Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar og stefnu skóla- og frístundaráðs um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum. Lögð er áhersla á hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og snemmtæka íhlutun þegar stuðningsþörf er metin og þess alltaf gætt að barnið/nemandinn eigi fulla hlutdeild í starfi með öðrum börnum.

Reglur og vinnulag vegna úthlutunar er með misjöfnum hætti í leik – grunnskólum og frístundaheimilum eins og fram kemur í textanum hér að framan. Þrátt fyrir það má sjá á skífuritunum að skipting á stuðningi milli kynja er er nánast sá sami í leik-, grunnskólum og á frístundaheimilum, þ.e. 24% stúlkna og 76% drengja nutu sérstuðnings í leikskólum og frístundaheimilum en 26% stúlkna og 74% drengja í grunnskólum.

Þessi niðurstaða úthlutunar er í samræmi við þær upplýsingar sem hópurinn fann um algengi fatlana (sjá m.a. heimasíðu Greiningarstöðvar Ríkisins), samkvæmt því er ekki verið að mismuna í úthlutun milli stúlkna og drengja hvað viðkemur fjölda. Sem dæmi má nefna að algengi einhverfugreininga eftir kynjum eru 3 – 4 drengir fyrir hverja stúlku og þroskahamlana 1,5 drengur á móti hverri stúlku.

Þegar skoðuð er meðaltalsúthlutun á dreng og stúlku, kemur í ljós að tímafjöldi er jafn í leikskólum, fjármagn jafnt í grunnskólum en í frístundaheimilum kemur fram nokkur munur milli kynja.

Aðgerðaráætlun

Lagt er til að sambærileg úttekt fari fram árlega í leik-, grunnskóla- og frístundastarfi og niðurstöður kynntar fyrir hagsmunaaðilum, s.s. framkvæmdastjórn SFS, stjórnendum starfsstöðva og sérfræðiþjónustu.

Auk úttektar á skiptingu fjármagns vegna fatlaðra barna/nemenda er lagt til að skoðað verði hvernig framkvæmd stuðnings er háttað við þennan hóp á starfstöðvunum með reglulegum hætti.

Til viðbótar við skoðun stuðnings við fatlaða nemendur/börn er lagt til að framkvæmd almennrar sérkennslu í grunnskólum verði skoðuð með tilliti til kynjaskiptingar. Í leikskólum verði skoðað hversu mikla ráðgjöf ábyrgðarmenn sérkennslu veita með tilliti til kynja. Meðal annars verði litið til viðhorfa og væntinga starfsfólks til drengja og stúlkna og val á leiðum og úrræðum.

Einnig er lagt til að skipulögð verði fræðsla til starfsfólks í tengslum við gerð jafnréttisáætlana starfsstöðva SFS. Meðal annars verði fjallað um samspil kyns og fötlunar s.s. hvaða væntingar eru gerðar til kynjanna, forsendur núverandi starfshátta og tillögur að úrbótum.

Unnið verði skipulag og verkferlar varðandi eftirlit með nýtingu fjármagns til sérkennslu/stuðnings á öllum þremur fagskrifstofum sviðsins.